

# Landskerfi bókasafna hf.

## Ársreikningur 2020

Landskerfi bókasafna hf.  
Katrínartúni 4  
105 Reykjavík

kt. 440202-2920

# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	1
Áritun ríkisendurskoðanda .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Eiginfjárfirlit .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðipjónustu.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2020 að fjárhæð 2,5 m. kr. Eigið fé félagsins nam 210,8 m. kr. í árslok 2020 og heildareignir voru 232,1 m. kr.

Hlutfé félagsins nam 147,6 m. kr. þann 31. desember 2020, og átti félagið engin eigin bréf. Hluthafar voru 59 í árslok eins og í upphafi árs.

Hluthafar og eignarhlutur	31.12.2020	31.12.2019
Íslenska ríkið .....	50,8%	50,8%
Reykjavíkurborg .....	20,0%	20,0%
Aðrir hluthafar .....	29,2%	29,2%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2021 vegna rekstrar ársins 2020. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

## Bókasafnskerfi

Á árinu tók Ex Libris yfir samning sem Landskerfi bókasafna hf. hafði áður gert við Innovative Interfaces vegna nýs bókasafnskerfis. Þetta gerðist í kjölfar þess að Ex Libris keypti Innovative. Samkomulagið felur í sér að innleidd verða kerfin Alma og Primo VE fyrir Landskerfið. Undirbúningur innleiðingarinnar hófst í lok ársins en gert er ráð fyrir að nýju kerfin verði gangsett um mitt ár 2022. Innovative greiddi Landskerfinu tæpar 18 m.kr. í bætur á árinu og gengur greiðslan á móti eignfærslum árána 2018-2019 vegna nýs bókasafnskerfis.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2020 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2020.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. apríl 2020.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

# Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

**Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda**

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og síðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana.

Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna. Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Kannað var hvort rekstur félagsins var í samræmi við þau lög sem um félagið gilda og eftir atvikum fjárlög og fjáraukalög sbr. meginreglur laga nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Ríkisendurskoðun, 20. apríl 2020.

Skúli Eggert Þórðarson  
ríkisendurskoðandi

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landskerfis bókasafna ehf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Landskerfis bókasafna ehf. 31. desember 2020, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020 í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda í árituninni. Við erum óháð Landskerfum bókasafna hf. og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Landskerfis bókasafna hf. og setja inn skýringu ef þess er þörf.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 20. apríl 2020.

Óskar Sverrisson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur

	Skýringar	2020	2019
Seld þjónusta .....	12	179.192	165.518
Rekstrartekjur		179.192	165.518
Laun og launatengd gjöld .....	15	(91.911)	(87.261)
Húsnæðiskostnaður .....	16	(12.465)	(10.695)
Hýsing og rekstur kerfis .....	13	(9.442)	(10.037)
Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar .....	14	(38.468)	(36.654)
Annar rekstrarkostnaður .....	17	(25.785)	(25.852)
Afskriftir .....	6-7, 21-22	(212)	(225)
Rekstrarkostnaður		(178.282)	(170.723)
<b>Hreinar rekstrartekjur (rekstrargjöld)</b>		910	(5.205)
Fjármunatekjur .....	18	2.275	6.013
Fjármagnsgjöld .....	19	(106)	(249)
Hreinar fjármunatekjur		2.169	5.764
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		3.079	559
Tekjuskattur .....	20	(619)	(112)
<b>Hagnaður ársins</b>		2.460	447

Skýringar á bls. 8 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
Rekstrarfjármunir .....	6, 21	186	398
Óefnislegar eignir .....	7, 22	16.858	30.979
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>17.044</b>	<b>31.377</b>
Viðskiptakröfur .....	9, 23	1.947	489
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		21.067	13.415
Aðrar skammtímakröfur .....	24	575	1.320
Handbært fé .....	10, 25	191.511	180.982
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>215.100</b>	<b>196.207</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>232.144</b>	<b>227.584</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Hlutfé .....	26	147.609	147.609
Yfirverðsreikningur .....		4.108	4.108
Lögbundinn varasjóður .....		5.907	5.661
Óráðstafað eigið fé .....		53.162	50.948
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>210.786</b>	<b>208.326</b>
Tekjuskattskuldbinding .....	8	596	418
<b>Skuldbindingar samtals</b>		<b>596</b>	<b>418</b>
Viðskiptaskuldir .....		2.775	2.097
Orlofsskuldbinding .....		7.078	8.034
Reiknaðir skattar ársins .....	8, 20	441	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	27	10.469	8.709
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>20.762</b>	<b>18.840</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>232.144</b>	<b>227.584</b>

Skýringar á bls. 8 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Eiginfjáryfirlit

<b>1. janúar 2020 til 31. desember 2020</b>	<b>Skýringar</b>	<b>Hlutfé</b>	<b>Yfirverðs- reikningur</b>	<b>Lögb. varasjóður</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1. janúar 2020 .....		147.609	4.108	5.661	50.948	208.326
Hagnaður ársins .....					2.460	2.460
Framlag í lögbundinn varasjóð .....				246	(246)	0
<b>Eigið fé 31. desember 2020</b>		<b>147.609</b>	<b>4.108</b>	<b>5.907</b>	<b>53.162</b>	<b>210.786</b>

<b>1. janúar 2019 til 31. desember 2019</b>	<b>Skýringar</b>	<b>Hlutfé</b>	<b>Yfirverðs- reikningur</b>	<b>Lögb. varasjóður</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1. janúar 2019 .....		147.475	3.975		56.162	207.613
Hlutfjáráukning .....		133	133			266
Hagnaður ársins .....					447	447
Framlag í lögbundinn varasjóð .....				5.661	(5.661)	0
<b>Eigið fé 31. desember 2019</b>		<b>147.609</b>	<b>4.108</b>	<b>5.661</b>	<b>50.948</b>	<b>208.326</b>

Skýringar á bls. 8 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



## Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2020	2019
Hagnaður ársins .....		2.460	447
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur .....		(1)	0
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	21	212	225
Reiknaður tekjuskattur .....		619	112
		3.290	784
Rekstrartengdar eignir, breyting .....		(8.362)	1.936
Rekstratengdar skuldir, breyting .....		1.481	1.938
<b>Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri</b>		<b>(3.591)</b>	<b>4.659</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	22	(3.854)	(14.077)
Endurgreidd fjárfesting í óefnislegum eignum .....	22	17.974	0
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<b>14.121</b>	<b>(14.077)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað hlutafé .....		0	266
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>0</b>	<b>266</b>
Handbært fé í upphafi árs .....		180.982	190.133
Breyting handbærs fjár .....		10.529	(9.151)
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>191.511</b>	<b>180.982</b>

Skýringar á bls. 8 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Félagið

Landskerfi bókasafna hf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er að Katrínartúni 4, Reykjavík. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 20. apríl 2020.

## Reikningsskilaaðferðir

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

### 3. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

### 4. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 5. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru skilgreindir sem hluthafar með bein eða óbein yfirráð yfir félaginu, önnur félög innan sömu samstæðu, önnur félög sem eru skilgreind sem tengdir aðilar hluthafa með bein eða óbein yfirráð og lykilstjórnendur félagsins og móðurfélags.

### 6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Árlegar afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði þar til niðurlagsverði er náð, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall rekstrarfjármuna er sem hér segir:

Húsgögn .....	20%
---------------	-----

### 7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall óefnislegra eigna er sem hér segir:

Eldri hugbúnaður .....	13%
Nýr hugbúnaður .....	0%

Afskriftir eru ekki hafnar á hugbúnaði sem fjárfest hefur verið í á árunum 2018-2020 þar sem hann hefur ekki verið tekinn í notkun í árslok 2020.

### 8. Tekjuskattur og skattskuldbinding

Skatteign eða skattskuldbinding er reiknuð og færð í reikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annarsvegar og reikningi félagsins hinsvegar. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts miðar við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í reikningsskilum félagsins.

Tekjuskattur innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll.

## Skýringar

### 9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### 11. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

## Skýringar

### Rekstrarreikningur

#### 12. Seld þjónusta

Seld þjónusta sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Þjónustugjöld frá ríkisstofnunum .....	60.181	56.042
Þjónustugjöld frá sveitarfélögum .....	76.964	71.587
Þjónustugjöld aðrir .....	12.703	11.669
Aðrar tekjur .....	29.344	26.220
<b>Samtals</b>	<b>179.192</b>	<b>165.518</b>

Þjónustugjöld eru innheimt samkvæmt gjaldskrá og skiptast aðallega í þrennt, þ.e. í fyrsta lagi frá bókasöfnun ríkisstofnana, í öðru lagi frá bókasöfnum sveitarfélaga og loks frá öðrum bókasöfnum. Tekjur vegna þjónustusamnings við Sarp eru megin hluti annarra tekna.

#### 13. Hýsing og rekstur kerfis

Hýsing og rekstur kerfis sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Hýsing .....	9.205	10.013
Viðhald og rekstur .....	237	23
<b>Samtals</b>	<b>9.442</b>	<b>10.037</b>

#### 14. Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar

Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Þjónustusamningar við Ex Libris .....	37.058	33.945
Aðrir þjónustusamningar .....	1.410	2.709
<b>Samtals</b>	<b>38.468</b>	<b>36.654</b>

Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar eru við Ex Libris Ltd., seljanda Aleph bókasafnskerfisins og Primo leitarvefsins, auk annarra sérsamninga. Kostnaður við þjónustusamninga hækkar um 4,9% milli ára.

#### 15. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Laun .....	72.481	66.319
Stjórnarlausn .....	1.890	1.890
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	10.731	9.671
Vísindasjóður .....	1.224	1.204
Tryggingagjald .....	5.484	5.227
Önnur launatengd gjöld .....	1.057	915
Breyting á áunnu orlofi .....	(956)	2.034
<b>Samtals</b>	<b>91.911</b>	<b>87.261</b>

Meðalfjöldi stöðugilda á árinu .....	8,2	7,5
Stöðugildi í árslok .....	7,7	7,8

Launagreiðslur til framkvæmdastjóra, án launatengdra gjalda .....	15.207	14.763
---	--------	--------

#### 16. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Leiga .....	10.451	8.240
Annar kostnaður .....	2.013	2.455
<b>Samtals</b>	<b>12.465</b>	<b>10.695</b>

Félagið leigir húsnæði að Katrínartúni 4 af Íþöku fasteignir ehf.

## Skýringar

### 17. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Almennur skrifstofukostnaður .....	4.594	2.259
Starfsmannatengdur kostnaður .....	835	841
Styrkir, auglýsingar .....	10	234
Ferða- og fundakostnaður .....	1.235	2.522
Tölvukostnaður .....	1.819	698
Reikningsleg aðstoð .....	5.606	5.468
Ársuppgjör, skattframtal .....	1.894	1.426
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	8.402	7.103
Aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna hýsingarútbóts .....	0	3.438
Lögfræðileg aðstoð .....	1.251	1.734
Ýmis kostnaður .....	138	130
<b>Samtals</b>	<b>25.785</b>	<b>25.852</b>

### 18. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Vaxtatekjur .....	2.274	6.013
Gengismunur .....	1	1
<b>Samtals</b>	<b>2.275</b>	<b>6.013</b>

### 19. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2020	2019
Vaxtagjöld .....	106	249
<b>Samtals</b>	<b>106</b>	<b>249</b>

### 20. Tekjuskattur

Tekjuskattur að fjárhæð 619 þús. kr. hefur verið reiknaður og færður til gjalda í rekstrarreikning. Tekjuskattur að fjárhæð 441 þús. kr. er til greiðslu á árinu 2021 vegna ársins 2020.

# Skýringar

## Efnahagsreikningur

### 21. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir sundurliðast sem hér segir:

<b>Húsgögn</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Bókfært virði í upphafi tímabils .....	398	699
Afskriftir .....	(212)	(301)
<b>Bókfært virði í lok tímabils</b>	<b>186</b>	<b>398</b>
	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Stofnverð .....	1.252	1.252
Afskrifað .....	(1.067)	(854)
<b>Bókfært virði í lok tímabils</b>	<b>186</b>	<b>398</b>

### 22. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sundurliðast sem hér segir:

	<b>Eldri</b>	<b>Nýr</b>	
	<b>hugbúnaður</b>	<b>hugbúnaður</b>	<b>Samtals</b>
Bókfært virði 1. janúar 2020 .....	2.994	27.985	30.979
Keypt .....	0	3.854	3.854
Aðrar breytingar .....	0	(17.974)	(17.974)
Afskriftir .....	0	0	0
<b>Bókfært virði 31. desember 2020</b>	<b>2.994</b>	<b>13.864</b>	<b>16.858</b>
	<b>Eldri</b>	<b>Nýr</b>	
	<b>hugbúnaður</b>	<b>hugbúnaður</b>	<b>Samtals</b>
Stofnverð .....	29.943	13.864	43.807
Afskrifað .....	(26.949)	0	(26.949)
<b>Bókfært virði 31. desember 2020</b>	<b>2.994</b>	<b>13.864</b>	<b>16.858</b>

Félagið fékk á árinu endurgreiðslu frá Innovative Interfaces, seljanda hugbúnaðar sem keyptur var á árunum 2018-2019. Endurgreiðslan er færð til lækkunar á bókfærðu virði hugbúnaðarins.

### 23. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Viðskiptakröfur .....	1.947	489
<b>Samtals</b>	<b>1.947</b>	<b>489</b>

Stjórnendur félagsins meta árlega þörf á varúðarniðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Ekki er talin þörf á varúðarniðurfærslu í lok árs 2020.

### 24. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Afdreginn fjármagnstekjuskattur .....	499	1.320
Annað .....	76	0
<b>Samtals</b>	<b>575</b>	<b>1.320</b>

### 25. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	191.506	180.977
Bankainnstæður í erlendum myntum .....	6	5
<b>Samtals</b>	<b>191.511</b>	<b>180.982</b>

## Skýringar

### 26. Hlutfé

#### a. Hlutfé

Hlutfé félagsins nam 147,6 m. kr. í lok ársins samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Félagið á engin eigin bréf og hefur hvorki gefið út kauprétti né áskriftarréttindi né tekið lán sem breytanleg eru í hlutfé.

	31.12.2020	31.12.2019
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum .....	147.609	147.609
<b>Útistandandi hlutfé</b>	<b>147.609</b>	<b>147.609</b>

### 27. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	4.042	3.342
Virðisaukaskattur .....	6.427	5.367
<b>Samtals</b>	<b>10.469</b>	<b>8.709</b>

### 28. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Staðan í upphafi árs .....	418	306
Reiknaður tekjuskattur .....	619	112
Tekjuskattur til greiðslu .....	(441)	0
<b>Tekjuskattsskuldbinding í lok árs, nettó</b>	<b>596</b>	<b>418</b>

Tekjuskattsskuldbindingin skiptist á einstaka liði ársreikningins sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(233)	(254)
Óefnislegar eignir .....	599	599
Viðskiptakröfur .....	230	138
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	0	(65)
<b>Tekjuskattsskuldbinding í lok árs, nettó</b>	<b>596</b>	<b>418</b>

# Skýringar

## Annað

### 29. Viðskipti við tengda aðila

Viðskiptakjör í viðskiptum við tengda aðila eru í öllum tilfellum eins og um ótengda aðila væri að ræða.

### 30. Lykiltölur

Helstu lykiltölur eru sem hér segir:

	2020	2019
Veltufjórhlutfall .....	10,36	10,41
Eiginfjórhlutfall .....	90,8%	91,5%
Arðsemi eigin fjár .....	1,2%	0,2%
EBITDA .....	1.122	(4.980)